

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Styrktarsjóðs Elínar frá Urðum, út- 44  
gefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. marz 1961. 22. marz  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

yfir 10000.00 kr. gjöf til minningar um Elínu Sigurhjartardóttur frá Urðum.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Elínar frá Urðum.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja vinnuhjálpi til fátækra einyrkjahúsmæðra í Svarfaðardalshreppi í veikindaforföllum þeirra.

### 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

a. Vextir af höfuðstól.

b. Gjafir í sjóðinn.

c. Áheit.

Tekjur samkv. a-lið 3. gr. leggist við höfuðstól, þar til sjóðurinn tekur til starfa og eftir það, þau ár, sem þeir eru ekki notaðir til styrktar. Tekjur samkv. b- og c-lið 3. gr. leggist ætíð við höfuðstól.

### 4. gr.

Aldrei má skerða höfuðstól sjóðsins. Aðeins ársvöxtunum má verja eftir tilgangi sjóðsins og með samþykki meiri hluta stjórnar hans.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera: formaður kvenfélagsins Tilraun og sé hann jafnframt formaður sjóðstjórnar, annar úr stjórn þess, kosinn á ársfundi félagsins og hreppsnefndaroddviti Svarfaðardalshrepps. Hún skal halda bók yfir sjóðinn og færa þar nöfn og fjárhæðir gefenda og styrkþega. Endurskoðendur hreppsreikninga fari árlega yfir reikninga sjóðsins.

### 6. gr.

Sjóðurinn, sem ávaxta skal í Sparisjóði Svarfdæla, tekur til starfa árið 1966.

## AUGLÝSING

um tollun skófatnaðar úr plasti.

45

4. apríl

Ef skófatnaður úr plasti er bæði varðandi útlit og notkun sambærilegur sams konar vöru úr kátsjúki, hefur ráðuneytið ákveðið, með heimild í athugasemdar-ákvæðum við nr. 11 í 39A kafla tollskrár, að skófatnaður úr plasti skuli tollaður eins og skófatnaður úr kátsjúki.

*Fjármálaráðuneytið, 4. apríl 1961.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzzson.*